

Fundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 031018, að Hlíðarsmára 8

Kristófer Þorleifsson formaður Öldungadeildarinnar setti fund og bauð gesti velkomna til fyrsta fundar haustsins. Mættir voru 52 gestir.

Hann minntist stuttlega vel heppnaðrar sumarferðar félagsins um Dali vestur undir leiðsögn Svavars Gestssonar fv. alþingismanns og ráðherra. Þáttakendur voru 40 talsins. Greint er nánar frá ferðinni í máli og myndum í októberhefti Læknablaðsins.

Formaður minntist síðan félagi sem látist hafa frá síðasta fundi, en þeir eru: **Bragi Þór Stefánsson** heilsugæslulæknir lést 2. maí sl. á 68. aldursári, **Lárus J. Helgason** geðlæknir lést 23. júní á 87. aldursári og **Helgi Þ. Valdimarsson** ónæmisfræðingur og prófessor emeritus lést 6. ágúst á 81. aldursári. Heiðruðu fundarmenn minningu þessara gengnu félagi með því að rísa úr sætum.

Formaður kynnti síðan fyrirlesara fundarins, Ólaf Jónsson svæfingalækni, fv. yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítalans og hljóp stuttlega yfir náms- og starfsferil hans áður en hann gaf honum orðið um meginefni fundarins, uppreisnina á Bounty, vopnuðu skipi hans hátignar Georgs þriðja, konungs Bretaveldis, sem sent var til Tahiti í Kyrrahafi árið 1787 til þess að sækja græðlinga brauðaldintrjáa sem flytja átti til Vestur-Indía og gróðursetja þar. Ávexti þessara trjáa átti síðan að nota sem ódýra fæðu fyrir þræla heimsveldisins. Ferðin til suðurhluta Kyrrahafs undir stjórn skipherrans William Bligh gekk nokkuð vel. Eftir fimm mánaða dvöl á Tahiti þar sem sendimönnum konungs var vel tekið, ekki síst af hinum ægiföggu konum eyjarinnar, var siglt á leið til áfangastaðar græðlinganna á Vestur Indíum. Gerðu 9 skipverjar þá uppreisn gegn skipherranum Bligh við Tongaeyjar. Var Bligh skipherra og 17 menn aðrir settir í yfirhlaðinn bát með dálítinn mat, vatn, brauð, áttavita, sextant og fjögur sverð. Eftir 47 daga siglingu, 6000 km leið náðu þeir landi á Tímor. Tæpu ári eftir að þeir yfirgáfu Tahiti komu þeir til Englands þar sem fram fóru réttarhöld yfir Bligh og hann sýknaður. Hafa verið skrifaðar margar bækur, ritgerðir og tímaristsgreinar um þessa hetjuför. Hafa spunnist af þessum atburðum margir söguþræðir. En til eru all miklar ritaðar heimildir um þessa atburði m. a. frá réttarhöldunum. Þrjár þekktar kvikmyndir hafa verið gerðar með heimspekkum leikurum í aðalhlutverkum um þessa atburði. Engu að síður er ekki ljóst hverjar ástæður lágu til uppreisnarinnar. Tvær megin tilgátur eru þær að skipverjar hafi unað sér svo vel á eyjunum að þeir vildu ekki fara heim, eða vegna harðneskju skipherrans, sem hafði erfiða skapgerð en beitti þó refsingum vægt. Er sú fyrri talin líklegri enda lýsingar fyrri landkönnuða á Suðurrhafseyjum í ætt við himnaríki á jörð. Eftir sýknu Bligh sendi flotinn herskip til Tahiti, þar sem uppreisnarmenn voru handsamaðir og settir í járn. Segir ekki frekar af þeim.

Góður rómur var gerður að fyrirlestri Ólafs sem svaraði greiðlega spurningum fundarmanna. Honum var að lokum afhent viðurkenningarskjál og bókindregingur í þakklætisskyni.

Að mánuði liðnum mun Þorvaldur Gylfason flytja fyrirlestur um skáldið og athafnamanninn Einar Benediktsson.

Óttar Guðmundsson kynnti komandi fyrirlestur á vegum Félags um sögu læknisfræðinnar.

Fundi slitið.

Jóhannes M. Gunnarsson

ritari